



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Fimmtudagur, 19. júní 2014

Ákvörðun nr. 16/2014

## **Samruni Gló eignarhaldsfélags ehf. og Eyju fjárfestingarfélags ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 2. maí 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning vegna kaupa Eyju fjárfestingarfélags ehf. (hér eftir Eyja fjárfestingarfélag) á 50% hlut í Gló eignarhaldsfélagi ehf. (hér eftir Gló eignarhaldsfélag) af Himnesku ehf. (hér eftir Himneskt) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdu m.a. kaupsamningur um framangreind kaup og hluthafasamkomulag í tengslum við hlutfjáreign í Gló eignarhaldsfélagi. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrðin eru uppfyllt.

### **II.**

#### **Samkeppnisleg áhrif samrunans**

Aðilar samrunans eru Eyja fjárfestingarfélag og Gló eignarhaldsfélag.

Í samrunaskrá segir að enginn rekstur sé í Eyju fjárfestingarfélagi en það haldi utan um eignarhluti í öðrum félögum. Fer félagið með 55% eignarhlut í Pizza-Pizza ehf., 83% hlut í Joe Ísland ehf. og 52,5% hlut í BHB fasteignum ehf.

Samkvæmt samrunaskrá rekur Pizza-Pizza ehf. samtals 18 staði undir merkjum Domino's Pizza hér á landi. Auk þess rekur félagið framleiðslu- og birgðastöð og þjónustuver fyrir verslanir Domino's. Starfar félagið á markaði skyndibitastaða og selur fyrst og fremst tilbúinn mat, þ.e. pítstur og tengda rétti sem sendir eru kaupanda eða afhentir til að taka með.



Joe Ísland ehf. rekur tvo veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum *Joe & the juice*. Félagið starfar á markaði skyndibitastaða og selur fyrst og fremst drykki, þ.e. óáfenga safea og kaffi, en einnig samlokur.

BHB fasteignir ehf. er eigandi fasteignanna Dalbraut 3 og Hjarðarhaga 45 sem nýttar eru undir starfsemi Pizza-Pizza ehf.

Samkvæmt samrunaskrá rekur Gló eignarhaldsfélag, í gegnum dótturfélög sín, þrjá veitingastaði undir merkjum *Gló*. Gló á allt hlutafé í félögunum Gló veitingar ehf., Gló Laugarvegi ehf. og Gló Hafnarfirði ehf. Félögin starfa á markaði skyndibitastaða og selja tilbúna rétti þar sem lögð er áhersla á hollan mat.

Í samrunaskrá kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir sérstakri samþættingu eða samstarfi á milli samrunaaðila heldur sé tilgangur samrunans að víkka eigendahóp Glóar eignarhaldsfélags með frekari vöxt og uppbyggingu félagsins að leiðarljósi. Samrunanum sé því ekki ætlað að breyta skipulagi eða eðli starfsemi félaganna heldur sé eingöngu um að ræða breytingar á hlutafjáreign Gló eignarhaldsfélags. Seljendurnir muni áfram eiga 50% eignarhlut í félaginu og standi til að frekari uppbygging félagsins byggi áfram á sama grunni og félagið byggi rekstur sinn nú.

Að mati samrunaaðila eru markaðsaðstæður á veitingamarkaði mjög hagfelldar samkeppni, enda almennt mikið um stofnun nýrra veitingastaða. Almennt sé um að ræða sölu til neytenda og eftirspurn því mjög dreifð. Þá sé verðvitund neytenda rík og aðhald mjög virkt. Flestir viðskiptavinir þeirra aðila, sem keppa á þessum markaði, sækja viðskipti sín með því að aka að viðkomandi stað eða panta í gegnum síma og séu því ekki bundnir við staðarmörk söluaðila heldur byggi ákvörðun um kaup á verði og gæðum hverju sinni. Séu því óverulegar aðgangshindranir inn á markaðinn og samkeppnin afar mikil og virk. Þá telja samrunaaðilar að hlutdeild þeirra á markaði sé svo lítil að hún hafi ekki í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Samruni Eyju fjárfestingarfélags og Gló eignarhaldsfélags flokkast undir láréttan samruna þar sem hluti starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari gæta fyrst og fremst í starfsemi félaganna við sölu á tilbúnum mat.

Samkeppniseftirlitið hefur í ákvörðunum sínum til þessa ekki skilgreint sérstaklega markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða. Er það sökum þess að málsatvik og aðstæður



á markaðnum voru þannig í eldri málum er vörðuðu umræddan markað að ekki var talin þörf á þrengri skilgreiningu á markaðnum.

Samkeppniseftirlitið telur rök fyrir því að rétt sé að skilgreina sérstaka markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða ef málsatvik og aðstæður á markaðnum krefjast þess. Væri slík skilgreining í samræmi við hugmyndir sem fram hafa komið í sambærilegum málum í ESB- rétti.<sup>1</sup> Þannig taldi Framkvæmdastjórn ESB í máli er varðaði Burger King keðjuna að hugsanlega mætti skilgreina sérstakan markað fyrir svokallaða óformlega veitingastaði (e. the informal eating-out market). Þrengri skilgreining eins og markaður fyrir skyndibitastaði (e. quick-service) kom jafnvel til greina. Hins vegar voru málsatvik í því máli þannig að ekki þótti nauðsynlegt að ákveða nákvæma skilgreiningu á markaðnum og var það því skilið eftir opið. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að þörf sé á að taka afstöðu til þess í máli þessu.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Eyju fjárfestingarfélags og Gló eignarhaldsfélags muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Eyju fjárfestingarfélags ehf. og Gló eignarhaldsfélags ehf.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 11. október 2002 í máli nr. COMP/M.2940, TPG Advisors III/Goldman Sachs/Bain Capital Investors/Burger King og ákvörðun í máli nr. COMP/M.4220 frá 6. júní 2006, FoodService Project/Tele Pizza.